

Kæru fulltrúar og starfsmenn í stjórnslu Múlaþings

Eins og ykkur er kunnugt er stefnt að því að klára lagningu ljósleiðara um Berufjörð í tveimur áföngum og á hann að ná upp á Fossárdal. Ekki er fyrirhugað að leggja ljósleiðara í Urðarteig þó rör fyrir ljósleiðarann sé komin langleiðina þangað. Ekki eru nema tveir kílómetrar eftir af lagnaleiðinni. Af því má draga þá ályktun að það sé dýrara að leggja tvo kílómetra frá Svarthamarsvík í Urðarteig en 4 kílómetrar frá Lindarbrekku upp á Fossárdal.

Fyrir um það bil einu og hálfu ári var haft samband við okkur og falast eftir svæði til að setja upp mastur til að bæta netsambandið sem okkur „utan ljósleiðara“ stendur til boða, á svipuðum tíma var íbúafundur á Djúpavogi þar sem hugmyndir um nýtt og betra netsamband voru kynntar og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk þá ætlaði sveitarfélagið að kosta framkvæmdina með styrk frá fjarskiptasjóði.

Ég komst því miður ekki á fundinn til að fagna þessum áformum og lýsa því hvernig það er þetta stopula netsamband sem við íbúar í Urðarteigi búum við og hversu mikill munur yrði fyrir okkur að hafa tryggan aðgang að netþjónustu. Ég vissi þó ekki annað en málið væri í vinnslu og beið þolinmóð eftir „nýju“ neti.

Tíminn leið eins og hann gerir svo gjarna en ekkert bólað á betra netsambandi. Ég spurði þess vegna að því á íbúafundi hjá heimastjórn Djúpavog í vor hver staðan væri á verkefninu enda farið að lengja eftir þessar miklu „samgöngubót“ sem sveitarfélagið ætlaði að koma á. Á þeim óljósu svörum sem ég fékk mátti ráða að málið væri **ekki** í vinnslu.

Ég fékk síðan þær upplýsingar frá Rafey að fulltrúi Heimstjórnar Djúpavogs og að mig minnir, sveitarstjóri (þið leiðréttið mig ef það er ekki rétt) hefðu afþakkað frekari aðkomu Rafeyjar að því að bæta netsamband við Berufjörðinn vegna áhugaleysis þeirra íbúa sem mættu á fund með forsvarsmönnum Rafeyjar. Það virðist vera að ónægja þeirra sem eiga von á ljósleiðara innan 1-2 ára hafi verið látin ráða lífsgæðum íbúa í Urðarteigi. Þrátt fyrir það hefur enginn upplýst okkur um þá ákvörðun sveitarfélagsins að við séum dæm til að búa við ótryggt og lélegt netsamband með tilheyrandi óþægindum, vera dæmd til að horfa eingöngu á línulega dagskrá RÚV eða að öðrum kosti kaupa okkur umtalsvert gagnamagn á símana til að geta notað þá sem routera.

Nú vill svo til að ég er sjálf með atvinnurekstur sem byggist upp á því að hafa netsamband heima við en þarf að tengjast flesta daga gegnum símann minn. Þetta er auðvitað bara einmennings vinnustöð en ekki ferðapjónusta, ég veit ekki hvort það hefur áhrif á þjónustu við okkur. Tveir af þremur íbúum Urðarteigs eru hátt á níraðisaldri og þeirra helsta afþreying á löngum vetrarkvöldum er að horfa á það margvíslega efni sem hægt er að nálgast á sjónvarpsstöðvum landsins. Það er ekki í boð nema ég stilli símana þeirra á „farsímaaðgangsstað“ og þá skiptir máli að hafa símana á réttum stað í húsinu til að ná 4G sambandi. Það er kannski rétt að benda á að þau búa enn heima og ef mark er takandi á opinberri umræðu um málefni aldraðra er það æskilegt fyrir fjárhag ríkis- og sveitarfélags. Það mætti kannski taka það inn í jöfnuna um kostnað við bættu nettengingu.

Sem betur fer er GSM samband víðast hvar þokkalegt í húsinu sem er afbragðsgott út frá öryggissjónarmiði enda er búið að leggja niður þjónustu við landlínuna og því enginn heimasími.

Nú vil ég fá greinagóð svör við því hvort til standi að bæta netsamband í Urðarteig og ef ekki hvers vegna lífsgæði íbúa í Urðarteigi eru minna virði en lífsgæði íbúa annars staðar í Suður-Múlaþingi.

Með vinsemd og virðingu

Ásdís Hafrún Benediktisdóttir

Urðarteigi